REGLUGERÐ

um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

I. KAFLI

Skyldur sveitarfélaga og skilgreining skólaþjónustu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og til nemendaverndarráða í grunnskólum.

Sé ekki annað tekið fram er með nemendum átt við börn í leikskólum og nemendur í grunnskólum.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Reglugerð þessi tekur einnig til skólaþjónustu við leik- og grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

2. gr.

Inntak og markmið skólaþjónustu.

Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Þegar fjallað er um mat í reglugerð þessari er átt við mat á færni og stöðu nemenda og nemendahópa. Viðeigandi matstæki geta til dæmis verið samræmd könnunarpróf, skimunarpróf, greiningartæki, kannanir, athuganir og skoðun á einstaklingum eða nemendahópum sem nýtast til að ná markmiðum reglugerðarinnar.

II. KAFLI

Skipulag og framkvæmd skólaþjónustu.

3. gr.

Hlutverk sveitarfélaga og framkvæmd skólaþjónustu.

Fræðsluyfirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að skólaþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi skólaþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Sveitarfélög skulu mæla fyrir um það í skólastefnu sinni hvernig markmiðum þessarar reglugerðar verði náð. Við framkvæmd skólaþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á:

a. forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,
b. snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,
c. að skólaþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,
d. að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,
e. stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,
f. viðeigandi túlkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,
g. góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi.

Við gerð símenntunaráætlana skv. 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skal lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt reglugerð þessari innan skólanna.

4. gr.

Skipulag skólaþjónustu.

Sveitarstjórn í samráði við skólastjórnendur skipuleggur skólaþjónustu. Um ráðningu sérhæfðs starfsfólks sem henni sinnir fer eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykktum sveitarfélags.

Sveitarfélög geta rekið skólaþjónustu á eigin vegum sem sjálfstæða einingu, innan eða utan skóla, sameinast um slíkan rekstur með öðrum sveitarfélögum eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Þegar um slík þjónustukaup er að ræða skal sveitarstjórn fylgjast með því að skólaþjónusta uppfylli fyrirmæli laga og reglugerða.

Gera skal sérstaklega ráð fyrir rými í leik- og grunnskólum til að veita skólaþjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, stuðnings og þjálfunar, óháð því hver veitir þjónustuna.

Heimilt er að reka sameiginlega skólaþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla.

Nánar skal kveðið á um skipulag skólaþjónustu í skólanámskrá leik- og grunnskóla.

5. gr.

Samhæfing skólaþjónustu.

Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að samstarfi skólaþjónustu á vegum sveitarfélaga við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Einnig skulu sveitarfélög tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli aðila á mismunandi þjónustustigum eftir því sem við á í samráði við foreldra og geta sett viðmið um hvernig slík þjónusta er nýtt.

Skólastjórar skulu hafa frumkvæði að samstarfi við skólaþjónustu sveitarfélags, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi.

Til að stuðla að sem mestri samfellu í þjónustu við nemendur með sérþarfir skal samkvæmt gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir veita viðkomandi framhaldsskóla upplýsingar um stöðu einstakra nemenda eftir því sem við verður komið. Samráð skal haft við nemendur í samræmi við stöðu þeirra, að fengnu samþykki foreldra. Fylgja skal málinu eftir til framhaldsskóla.

6. gr.

Aðgangur foreldra að upplýsingum í vörslu skólaþjónustu.

Foreldrar geta kynnt sér gögn eða fengið afrit af gögnum í vörslu skólaþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. Skólar og skólaþjónusta sveitarfélaga skulu fara með allar slíkar upplýsingar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd.

Um miðlun upplýsinga milli skólastiga og skóla innan sama skólastigs fer samkvæmt reglugerðum settum á grundvelli 16. gr. laga um leikskóla og 18. gr. laga um grunnskóla.

Um rétt foreldra sem ekki fara með forsjá barns til upplýsinga samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga nr. 76/2003.

7. gr.

Samningar um aukið hlutverk skólaþjónustu.

Skólaþjónusta sveitarfélaga getur á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar tekið að sér aukið hlutverk umfram skilgreiningar í lögum um leik- og grunnskóla um tiltekin verkefni og verklag, t.d. hvað varðar ítarlega greiningu og meðferð á grundvelli þjónustusamninga við greiningarstofnanir og þjónustustofnanir á landsvísu.

Sveitarfélög geta gert samning við þjónustustofnanir um að þær annist skólaþjónustu vegna tiltekinna nemendahópa þar sem sérfræðiþekking er ekki til staðar hjá skólaþjónustu sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta tekið að sér skólaþjónustu í framhaldsskólum með þjónustusamningum við framhaldsskóla eða mennta- og menningarmálaráðuneyti.

III. KAFLI

Starfshættir skólaþjónustu.

8. gr.

Starfsfólk skólaþjónustu.

Starfsfólk sem sinnir skólaþjónustu sveitarfélaga skal hafa sérfræðimenntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Starfsfólk skólaheilsugæslu getur einnig talist til skólaþjónustu sveitarfélags hvað varðar athugun, greiningu og ráðgjöf og einnig eftir atvikum fagfólk á vegum ung- og smábarnaverndar. Starfsfólk skólaþjónustu vinnur störf sín samkvæmt því fyrirkomulagi sem sveitarstjórn ákveður í samræmi við VII. kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla og IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Óheimilt er að ráða starfsmann til að sinna skólaþjónustu sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu umsóknar um starf sérfræðings skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild sveitarstjórnar til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla.

Starfsfólk skólaþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt.

9. gr.

Stuðningur við starfsfólk.

Í stuðningi við starfsfólk skóla felst m.a. ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir. Stuðningur við starfsfólk felst einnig í ráðgjöf vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis.

10. gr.

Stuðningur við forvarnarstarf.

Í forvarnarstarfi leik- og grunnskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir nemendur, starfsfólk skóla og foreldra með það að markmiði að skólaganga nemenda gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur. Nemendur sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda fái viðeigandi stuðning og námsaðstoð við hæfi til að þeir geti tekið virkan þátt í skólastarfi.

Í leik- og grunnskólum skal starfsfólk skóla meta hvaða nemendur kunna að eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, eða aðra námsörðugleika, með viðeigandi matstækjum, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að allir nemendur fái nauðsynlega aðstoð. Fylgst skal reglulega með framförum og brugðist við jafnóðum.

Sé þörf á nánari athugun og greiningu á grundvelli mats, skv. 2. mgr., skal skólastjóri eða fulltrúi hans óska eftir sérfræðiaðstoð. Starfsfólk skólaþjónustu skal aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem geta haft áhrif á námsframvindu. Einnig skal skólaþjónusta aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á námsaðstæðum, veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði.

Starfsfólk skólaþjónustu skal fylgjast með að viðeigandi matstæki séu tiltæk, útvega slík matstæki eftir því sem þörf krefur og aðstoða við framkvæmd og eftirfylgni í samstarfi við fræðsluyfirvöld.

Allar athuganir á vegum skólaþjónustu sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með formlegu samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir.

11. gr.

Beiðni um athugun, greiningu og ráðgjöf.

Foreldrar nemenda í leik- og grunnskóla geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þess geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um slíka sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Beina skal beiðnum til skólastjóra.

Allar greiningar á nemendum og námsaðstæðum þeirra skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og skulu þeir upplýstir um niðurstöðuna.

Sveitarstjórn skal á grundvelli umsagnar fræðsluyfirvalda sveitarfélaga setja verklagsreglur um meðferð beiðna samkvæmt þessari grein.

Verkferlar skóla og skólaþjónustu sveitarfélaga vegna sérfræðiaðstoðar við nemendur skulu vera aðgengilegir.

12. gr.

Ráðgjöf, eftirfylgni og mat á árangri.

Að fenginni athugun eða greiningu gerir starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélags tillögu um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum skólaþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla.

13. gr.

Stuðningur skólaþjónustu við foreldra.

Skólaþjónusta sveitarfélaga skal eftir því sem aðstæður leyfa gefa foreldrum kost á almennri ráðgjöf og fræðslu, svo sem vegna skólagöngu barna þeirra, samstarfs heimila og skóla og hegðunar barna þeirra.

Jafnframt skal skólaþjónusta sveitarfélaga veita foreldrafélögum, foreldraráðum leikskóla og skólaráðum grunnskóla ráðgjöf og stuðning vegna lögbundinnar starfsemi þeirra.

14. gr.

Sérstök aðstoð og þjálfun.

Telji skólastjóri og foreldrar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóla- eða grunnskólagöngu sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan skólans og/eða hvort leitað skuli til skólaþjónustu sveitarfélags eða annarra sérfræðinga. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu hlutast skólastjóri til um að sú þjónusta sé veitt. Skólastjóri ábyrgist að gerð sé áætlun sem byggir á markmiðum aðalnámskrár í samræmi við metnar sérþarfir.

Sveitarfélög skulu stuðla að því að þjálfun sem nemendur þurfa reglulega fari sem mest fram innan leik- og grunnskóla hjá viðeigandi sérfræðingum þótt aðrir aðilar en sveitarfélög veiti þjónustuna. Sveitarstjórn gerir sérstakan samning um þjónustuna.

IV. KAFLI

Samræmingarhlutverk leikskóla.

15. gr.

Samræmingarhlutverk skólastjóra leikskóla.

Skólastjóri leikskóla skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að skólaþjónustu skv. 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Jafnframt skal skólastjóri leikskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Sveitarstjórn er heimilt að stofna ráð eða teymi í leikskólum vegna þessarar samræmingar og ákveða hlutverk, skipan, samsetningu og starfshætti þess.

V. KAFLI

Starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

16. gr.

Samræmingarhlutverk skólastjóra grunnskóla.

Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að skólaþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Jafnframt skal skólastjóri grunnskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

17. gr.

Hlutverk nemendaverndarráðs.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og skólaþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

18. gr.

Skipan nemendaverndarráðs.

Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs í senn og er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins sem skal taka mið af aðstæðum í hverjum skóla. Skólastjóri eða fulltrúi hans stýrir starfi nemendaverndarráðs.

Í nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi skólaþjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

19. gr.

Vísun mála til nemendaverndarráðs.

Fái nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs.

Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar skólaþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Að jafnaði skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Nemendaverndarráð skal taka fyrir málefni sem vísað er til ráðsins eins fljótt og auðið er.

20. gr.

Starfshættir nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.

Fara skal með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli um þagnarskyldu og gildandi lög um persónuvernd. Þeir sem sitja í nemendaverndarráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem þeir fá vitneskju um og leynt eiga að fara. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Nemendaverndarráð setur sér starfs- og verklagsreglur þar sem m.a. er kveðið á um tíðni funda ráðsins. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir skulu færðir til bókar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Kæruheimildir.

Ákvarðanir um rétt einstakra nemenda í leikskóla, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, eru kæranlegar til mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt fyrirmælum 30. gr. sömu laga.

Synjun skólastjóra á beiðni foreldra um greiningu á grunnskólastigi skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er kæranleg til ráðherra samkvæmt fyrirmælum 47. gr. sömu laga. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining.

Ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarfélags í samráði við foreldra, í framhaldi af niðurstöðu greiningar, eru ekki kæranlegar til ráðherra, þ.e. ákvarðanir um úrræði og aðra eftirfylgni greiningar.

22. gr.

Skólaþjónusta í sjálfstætt reknum skólum.

Leik- og grunnskólar eiga rétt á skólaþjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla.

Um skólaþjónustu í sjálfstætt reknum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

23. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. og 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, ásamt breytingarreglugerð nr. 986/2010.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 26. apríl 2019.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Karitas H. Gunnarsdóttir.

Fyrirvari
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.